

Nd.

20. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 70 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlags-
eftirlit.

Flm.: Sigfús Sigurhjartarson.

Á eftir 2. málsgr. 1. liðar 12. gr. laganna kemur: Meðan fleiri eða færri vöru-
tegundir eru háðar skömmun til neytenda, skulu innflutnings- og gjaldeyrisleyfi til
verzlana eða iðnfyrirtækja fyrir hinni skömmtuðu vöru vera í samræmi við afhenta
skömmunarseðla þeirra til viðskiptanefndar. Komi í ljós, að verzlun eða iðnfyrir-
tæki hafi í byrjun skömmunartímabils haft óeðlilega litlar birgðir, skal veita henni
fyrirframleyfi eftir nánar tilteknum reglum.

Viðskiptamanni skal heimilt, ef verzlun eða iðnfyrirtæki hefur eigi nægilega
mikið af tiltekinni skömmunurvöru til að fullnægja eftirspurn, að afhenda verzlun-
inni skömmunarseðla sína og fela henni að annast útvegum vörunnar fyrir sig, enda
ber þá að veita henni innflutnings- og gjaldeyrisleyfi til þess.

Greinargerð.

Á síðasta þingi flutti ég brtt. við frv. til laga um fjárhagsráð, innflutningsverzlun
og verðlagseftirlit. Tillagan var á þskj. 769 og fjallar um hlutdeild samvinnufélag-
anna í heildarinnflutningi vefnaðarvöru, búsaðhalda, skófatnaðar og byggingarefnis.
Í eftirfarandi ræðu skýrði ég efni þeirrar tillögu:

„Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja skriflega brtt. við 12. gr. frv., og fjallar
hún að efni til um innflutning samvinnufélaganna. Fer hún í þá átt, að ákveðið sé
í l., að hlutdeild þeirra í heildarinnflutningi vefnaðarvöru, búsaðhalda, skófatnaðar
og byggingarefnis sé a. m. k. hin sama og þau hafa í matvöruinnflutningi á hverjum
tíma, enda séu engar hömlur lagðar á matvörukaup þeirra.

Ástæðan til þess, að ég flyt þessa brtt., er fyrst og fremst sú, að á síðasta aðal-
fundi Sambands isl. samvinnufélaga, sem haldinn var síðastl. sumar, var ýtarlega
rætt um innflutningsmál kaupfélaganna. Að loknum þeim umr. var gerð samþykkt,
sem gekk efnislega í þá átt, að aðalfundur Sambandsins lýsti því yfir, að hann teldi
æskilegt, að innflutningur til landsins væri frjáls, svo að kaupfélögin gætu tekið þátt
í frjálsri samkeppni um vörukaup við kaupmenn, og gerði það að kröfu sinni, sem
brtt. mín fer fram á. Rökin fyrir þessari kröfu samvinnufélaganna eru augljós. Á
undanförnum árum hefur innflutningur á matvöru verið ótakmarkaður, og þar hefur
hver fengið það, sem hann hefur þurft og viljað. Sala kaupfélaganna á þessari vöru
er því mælikvarðinn á það, hver vilji landsmanna er til þess að fylgja þessum sam-
tökum, og eftir því, sem upplýst hefur verið af Sambandinu, sýnir það sig, að þessi
vilji landsmanna er mikill. Það hefur komið í ljós, að Sambandið hefur flutt inn
rúm 50% af öllu haframjöli og rúgmjöli, sem flutt var til landsins, af mjölsykri
45%, af strásykri 33%, en eins og ég hef áður tekið fram, hefur svo mátt heita, að
innflutningur á þessum vörum hafi verið frjáls, sérstaklega á kornvöru, og þar
hafa kaupfélögin fengið það, sem þau hafa viljað og þurft. Þetta virðist benda til
þess, að um það bil helmingur landsmanna óski eftir því að eiga viðskipti við þessi
samtök. Hins vegar kemur það í ljós, að innflutningur Sambandsins á vefnaðarvöru,
búsaðhöldum og annarri notavöru almennings er ekki nema ca. 14½%. Er því aug-
ljóst af þessum tölum, að mjög mikið vantar á það, að samvinnufélögin geti fullnægt
eftirspurn meðlima sinna hvað þessar vörur snertir, enda er mér kunnugt um það,
að hvar sem kaupfélög eru starfandi á landinu, eru sífelldar umkvartanir frá félags-
mönnum um það, að þeir verði að leita til annarra verzlana til þess að kaupa bú-
sáðhöld, skófatnað og að nokkru leyti byggingarefni. Mér finnst ekki nema eðlilegt
og réttmætt, að landsmenn ráði sjálfir, hverjum þeir vilja fela verzlun sína og við

hverja þeir vilja verzla. Þeir, sem vilja verzla við samvinnufélögin, þeim á að vera það heimilt; hinir, sem vilja annan hátt um þetta hafa, þeir um það. --- Ástandið í þessum málum þarf að breytast. Það má ekki hefða kaupfélögin í þessum efnum; það verður að gera þeim kleift að flytja inn vefnaðarvöru, búsaðhöld og fleiri slíkar vörur engu síður en matvöru. Það eru og fleiri stoðir, sem undir þessa kröfu samvinnufélaganna renna, m. a. sú, að álagning á matvöru er svo lág, að það er rétt um það bil, að matvöruverzlun beri sig, en hins vegar er verulegur hagnaður að því að verzla með vefnaðarvöru, búsaðhöld og skófatnað. Það er því ekkert réttlæti í því, ef innflutningsyfirvöldin haga sér áfram eins og hingað til, að láta kaupfélögin dreifa álagningarlægstu vörurni, þannig að þau fullnægi allt að helmingi landsmanna, en fáí aðeins að fullnægja 7.—8. hluta af íbúatölu landsmanna hvað snertir álagningarhærri vörur. Vil ég leyfa mér að vænta þess, að hv. þd. líti með skilningi á þessa sanngjörnu kröfu kaupfélaganna og verði með þessari skriflegu brtt., sem ég flyt hér.“

Þau rök, sem ég færði fyrir máli mínu í þessari ræðu, eru í einu og öllu í fullu gildi enn, og þarf engu við þau að bæta. Ekki gátu hv. stuðningsmenn ríkisstj. fallt á að tryggja rétt kaupfélaganna með því að samþ. þessa till. mína; allir, að undanskildum Halldóri Ásgrímssyni og Jónasi Jónssyni, greiddu þeir atkv. gegn henni, en sankvæmt yfirlýsingum, er fram komu í sambandi við atkvgr., virtist þó augljóst, að meiri hluti þingmanna væri samþykkur efni hennar. Jörundur Brynjólfsson gerði grein fyrir atkvæði sínu með þessum orðum: „Um afgreiðslu þessa máls er samkomulag milli stjórnarflokkanna. Það samrýmist ekki þeim samningi að lögfesta þessa brtt. Framkvæmd málsins, sem brtt. er um, verður í höndum fjárhagsráðs, og í trausti þess, að þar verði gætt réttinda samvinnumanna, segi ég nei.“

Eysteinn Jónsson gerði þannig grein fyrir sínu atkvæði: „Eins og hv. 1. þm. Árn. (JörB) tók fram, er mál þetta afgr. með samningi á milli stjórnarflokkanna og í sambandi við önnur mál. Hefur orðið samkomulag um það orðalag á niðurlagi 1. tölul. 12. gr., sem greinir á þskj. 820. Framkvæmd þessa máls verður á valdi fjárhagsráðs. Og í trausti þess, að samvinnufélögin njóti þar fulls réttar, svo sem ráð er fyrir gert í frv. og brtt. á þskj. 820, þá segi ég nei.“

Framsóknarmenn flestir eða allir, sem greiddu atkv. gegn till., vitnuðu til fyrirvara þeirra Jörundar og Eysteins; slíkt hið sama gerðu sumir Alþýðuflokksmenn.

Á aðalfundi Sambands ísl. samvinnufélaga, sem haldinn var á Þingvöllum á þessu sumri, voru þessi mál rædd, og voru allir á einu máli um, að samvinnufélögin hefðu ekki fengið þá leiðréttingu mála sinna hvað innflutninginn snertir, sem framsóknarmenn væntu sankvæmt framanskráðum yfirlýsingum. Fundurinn ályktaði því einróma að endurnýja kröfur sínar um réttlæti til hana samvinnufélagunum hvað innflutning snerti og samþykkti eftirfarandi tillögu:

„Fundurinn telur núverandi grundvallarreglur Viðskiptaráðs fyrir leyfisveitingum með öllu óviðunandi og þær — að því er til kaupfélaganna tekur — miðast alls ekki við raunverulegar þarfir félagsmanna þeirra. Virðist mjög aðkallandi, að bót verði ráðin á núverandi ástandi við leyfisveitingar á yfirstandandi ári.

Það er því eindregið álit fundarins, að sanngjarn innflutningur fyrir kaupfélögin í: vefnaðarvöru, skófatnaði, búsaðhöldum, rafknúnum heimilistækjum, byggingarvörum alls konar, ávöxtum og nýlenduvörum, hreinlætisvörum og hráefnum til iðnaðar, fáist ekki nema því aðeins, að leyfisveitingar til kaupfélaganna á þessum vörum verði nú miðaðar við sölu félaganna á skömmunarvörum árin 1944 og 1945 og síðan áframhaldandi í sömu hlutföllum og félögin selja þessar vörutegundir (þ. e. skömmtunarvörurnar) árlega.“

Aðalblað Framsfl. og eitt aðalstuðningsblað ríkisstj., Tíminn, hefur þrásinnis ritað um þessi mál í sumar og hefur átalíð stjórnina harðlega fyrir að veita kaupfélögum ekki þann rétt, sem þeim bær. Fulltrúar flokksins í fjárhagsráði, þeir Hermann Jónasson, formaður flokksins, og Sigtryggur Klemenzson, hafa að því er Tíminn skýrir frá, tekið innflutningsmál samvinnufélaganna upp á þeim vettvangi, en án

Þess að fá nokkru um þokað hvað framkvæmdina snertir. Ég hef nú leyft mér að taka efnislega upp sem breytingartillögu við löggin um fjárhagsráð þær tillögur, sem samvinnumenn hafa lagt fram, en ekki fengið framkvæmdar. Þó að þessar tillögur séu nokkuð á aðra lund en tillaga sú, sem ég flutti á þskj. 769 á síðasta þingi, mundi nást sami árangur af samþykkt þeirra og náðst hefði með samþykkt minnar upphaflegu tillögu, sem sé réttlæti til handa kaupfélögunum hvað innflutning snertir.
Fimmtudaginn 2. okt. þ. á. birti Tíminn eftirfarandi fyrir sögn á forsiðu:

„Deilan í sambandi við skömmtnar- og innflutningsreglurnar.“

„Tryggja verður neytendum fullt frelsi til að geta verzlao þar, sem þeir telja sér hagkvæmast.“

„Á að gera neytendur ofurseldari verzlunum en áður, samtímis því að kaupgeta þeirra fer minnkandi?“

Síðan segir Tíminn:

„Eins og áður hefur verið sagt frá hér í blaðinu, samþykkti meiri hluti fjárhagsráðs (Sigtryggur Klemenzson, Hermann Jónasson, Finnur Jónsson), þegar bráðabirgðaskömmtnunin var ákveðin, að úthlutun innflutningsleyfa yrði bundin við afhenta skömmtnunarseðla. Með þessu var neytendum tryggt, að þeir gætu haft viðskipti sín þar, sem þeir teldu sér hagkvæmast að verzla. Jafnframt var svart markaðurinn nokkurn veginn útilokaður. Minni hluti fjárhagsráðs (Magnús Jónsson og Oddur Guðjónsson) undi ekki þessari ákvörðun og skaut málinu til ríkisstjórnarinnar. Meiri hluti ríkisstjórnarinnar (Bjarni Benediktsson, Emil Jónsson, Jóhann P. Jósefsson) frestaði að taka ákvörðun um málið. Fjárhagsráð hófst síðan handa um að setja skömmtnunareglur til frambúðar, og lögðu þeir Hermann Jónsson og Sigtryggur Klemenzson þá til, að áðurgreindar tillögur yrðu teknar upp í þær. Meiri hluti fjárhagsráðs vísaði þá tillögunni frá, en Hermann og Sigtryggur vísuðu þá málinu til ríkisstjórnarinnar og hefur meiri hluti hennar ekki viljað taka þær til greina. Er Hermann og Sigtryggur vísuðu tillögunum til ríkisstjórnarinnar, létu þeir fylgja þeim svo hljóðandi greinargerð:

Tillögur Hermanns og Sigtryggs.

„Hermann Jónasson og Sigtryggur Klemenzson leyfa sér að skjóta eftirfarandi tillögum til ríkisstjórnarinnar, þar sem ágreiningur hefur orðið um þær í fjárhagsráði:

Við leggjum til, að í reglugerð þessa verði sett eftirfarandi ákvæði:

1. „Að innflutnings- og gjaldeyrisleyfi til verzlana eða iðnfyrirtækja fyrir hinum skömmtnuðu vörum verði í samræmi við afhenta skömmtnunarseðla þeirra til viðskiptanefndar. Í því sambandi verði ákveðið:
 - a. Ef í ljós kemur, að verzlun hafi í byrjun skömmtnunar haft óeðlilega litlar birgðir, megi veita henni fyrirframleyfi eftir nánar tilteknum reglum, til að jafna aðstöðu hennar til samkeppni við aðrar verzlanir.
 - b. Að viðskiptamanni sé heimilt, ef verzlun hefur eigi nægilega mikið af tiltekinni skömmtnunarsvöru til að fullnægja eftirspurn, að afhenda verzluninni skömmtnunarseðla sína og fela henni að annast útvegum vörunnar fyrir sig.
2. Að neytendum sé í sjálfsvald sett, í hvaða hlutföllum þeir kaupí þær vörur, sem skammtaðar eru eftir verðmæti, innan þeirra takmarka sem heildarverðmæti seðilsins setur.

Ef þessar tillögur verða samþykktar efnislega, munum við færa þær í þann buning í einstökum atriðum, að hægt sé að taka þær inn í reglugerðarákvæðin á viðeigandi stað. Að öðru leyti visum við til fyrri umræðna og greinargerðar af okkar hálfu um þetta mál.“

Vanefnt stjórnarloforð og lagaákvæði.

Við berum till. þessar fram í samræmi við ákvæði í 12. gr. laga nr. 70 frá 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit. Ákvæðin eru þannig:

„Sé úthlutun leyfanna við það miðuð, að verzlunarkostnaður og gjaldeyriseyðsla verði sem minnst. Reynt verði, eftir því sem frekast er unnt, að láta þá sitja fyrir innflutningsleyfum, sem bezt og hagkvæmust innkaup gera og sýna fram á, að þeir selji vörur sínar ódýrast í landinu. Skal þetta gilda jafnt um kaupmannaverzlanir og samvinnuverzlanir og miðuð við það, að neytendur geti haft viðskipti sín þar, sem þeir telja sér hagkvæmast að verzla.“

Eins og kunnugt er, er þetta lagaákvæði tekið orðrétt upp úr samningum núverandi stjórnarflokka um samstarf í ríkisstjórn. Þessi ákvæði eru því eitt grundvallarákvæði stjórnarsáttmálans. Okkur virðist því augljóst mál, að ekki er unnt að úthluta innflutningsleyfum, án þess að brjóta hvort tveggja í senn, stjórnarsáttmálann og lögin, nema áður séu settar reglur, er samræmdar séu svo sem verða má framangreindum fyrirmælum.

Við bárum því fram, þegar bráðabirgðaskömmtun var rædd, tillögur, er okkur virtust bezt samræmast lögunum og stjórnarsáttmálanum. Þessum tillögum var vísað frá af meiri hluta fjárhagsráðs. Nokkru síðar tók Finnur Jónsson upp tillögur þessar nokkuð breyttar og með viðauka. Þær tillögur voru samþykktar af meiri hluta fjárhagsráðs: Finni Jónssyni, Sigtryggi Klemenzsyni og Hermanni Jónassyni. — Minni hlutinn, Magnús Jónsson og Oddur Guðjónsson, skaut ágreiningnum til ríkisstjórnarinnar. Meiri hluti ríkisstjórnarinnar féllst ekki á þessar tillögur. En ákveðið var af meiri hluta ríkisstjórnarinnar, að næstu innflutningsleyfi til innflytjenda skyldu að einhverju leyti miðuð við það, hve mikið af skömmunarseðlum innflytjandinn afhenti viðskiptanefnd.

Það er mál út af fyrir sig, að ekki er unnt að komast hjá því að taka tillit til þessarar auglýstu stefnuyfirlýsingar. — En okkur, sem flytjum þá tillögu, er tekin er upp í þessa greinargerð, virðist þessi stefnuyfirlýsing ganga allt of skammt — og munum nú gera grein fyrir því.

Mótbáru, sem ekki hafa við rök að styðjast.

Áður en að því er vikið, viljum vér minnst á mótbáru formlegs eðlis, er kynnu að koma fram.

Það kynnu sumir að halda því fram, að fjárhagsráð eigi ekki að setja þessar reglur um innflutninginn. Þetta er misskilningur, því í 10. gr. laganna um fjárhagsráð stendur: „Fjárhagsráð starfrækir innflutnings- og gjaldeyrisdeild.“ Fjárhagsráði ber því skylda til að sjá um eftir föngum, að „innflutnings- og gjaldeyrisdeild“ (þ. e. viðskiptanefnd) starfi í samræmi við stjórnarsáttmálann og lögin um fjárhagsráð. En það fær viðskiptanefndin ekki gert, nema þegar séu settar reglur um innflutninginn í samræmi við áður tilvitnuð ákvæði í 12. gr. laganna.

Það komu fram um daginn þær mótbáru, að ekki bæri að setja þessar reglur um innflutninginn í sambandi við bráðabirgðaráðstafanir um vöruskömmtun. En nú er verið að ganga frá reglugerð og reglum um skömmtun í heild og til framhúðar, svo fyrri mótbáru í þessu efni eru ekki lengur til stoðar — og voru að okkar áliti aldrei til stoðar.

Frávisun meiri hluta fjárhagsráðs á tillögum okkar varnar heldur ekki málskotsrétti okkar, því ef meiri hluti fjárhagsráðs gæti ónýtt málskotsréttinn með því að vísa tillögum frá með meirihlutavaldi, væri ákvæðið um málskot þar með að engu gert, sem auðvitað er alveg andstætt tilgangi lagaákvæðanna. Um þetta atriði er fjárhagsráð og á einu máli.

Ohjálkvæmilegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir svartamarkaðinn.

Við komum þá að röksemdum fyrir tillögum:

Tillögur okkar snerta framkvæmd sjálfra skömmtunarákvæðanna beinlínis. Það er hætt við og raunar víst, að meiri vörubirgðir verða til en vörukönnun tilgreinir. Liggja til þess mjög augljós rök, sem ekki er þörf að tina til. Ef reglur okkar ná ekki samþykki, er augljóst, að seljendur fá svigrúm til að selja vörur á svörtum markaði, án þess að heimta skömmtunarseðla. Ef reglur okkar gilda, er þetta ekki framkvæmanlegt, nema seljandinn vinni framtíðaratvinnu sinni tjón, — og það myndu fæstir kjósa.

En meginrök okkar fyrir tillögum eru þó önnur. Það er auðsætt, að jarðvegur fyrir iskyggilegan svartan markað á aðfluttum vörum er að skapast í landinu. Þessu veldur:

1. Þjóðin hefur vanizt mikilli neyzlu á innfluttum vörum.
2. Kaupgeta er mikil í landinu hjá mörgum.
3. Skyndilega verður að draga stórlega úr innflutningi, er veldur vöruskorti.

Í skömmtunarreglugnum eða samtímis því, að þær eru settar, ber því að setja ákvæði, sem fyrirbyggja, svo sem verða má, ógnir svarta markaðsins fyrir þjóðina. Skömmtun, án þess að slíkar varúðarráðstafanir væru gerðar, væri glapræði.

Eiga neytendurnir að vera ofurseldir innflytjendum?

Þegar hörgull verður á vörum, fær sá, sem leyft er að flytja vörurnar inn og hefur þær á boðstólum, vald yfir peningamálum neytandans, sem ósamboðið er frjálsum þjóðfélagi. — Neyzluvörur verða fluttar inn, miðað við brýnustu þörf neytenda. Þessar vörur skiptast milli góðra verzlana, þeirra, sem eru í meðallagi, og hinna, sem eru lélegar. Neytendurnir kaupa vörurnar sennilega fyrst þar, sem þær eru ódýrastar, en að síðustu verða þeir að kaupa þær þar, sem þær eru dýrastar og lélegastar, því að í önnur hús er ekki að venda. Valdboðið um innflutningsleyfi kemur frá stjórnarvöldunum og viðheldur þessu skipulagi, án þess að neytendur fái nokkru um það ráðið. Ef reglur okkar verða teknar í gildi, er neytendum hins vegar afhent dómsvaldið um það, hverjir selja beztar vörur og ódýrastar, og jafnframt frjálstræði um það, hvar þeir verzla, eins og ætlazt er til samkv. 12. gr. laganna. Jafnframt er svart markaðurinn heftur. Neytendurnir geta þá eftt þær verzlarnir, sem selja beztar og ódýrastar vörur, og jafnframt lagt niður okurstofnanir, sem eru hvort tveggja í senn lélegir þjónar neytendanna og þjóðarbúsins í heild, vegna lélegra innkaupa. Með þessu móti er hlutskiptunum snúið við. Án okkar reglna eru neytendurnir fjárhagslega á valdi innflytjendanna. Ef okkar reglur hins vegar gilda, eru innflytjendurnir þjónar neytendanna, og tilvera þeirra er háð því, hvernig þeir reynast neytendum.

Innflytjendur, sérstaklega formælendur frjálsrar samkeppni, ættu að vera ánægðir með þetta skipulag, sem reist er á grundvelli samkeppninnar, þar sem hver verzlun ber sitt úr bítum í samræmi við verðleika.

Á samtímis dýrtíðarráðstöfunum að gera neytendur réttminni en nokkru sinni fyrr?

Það mætti fleira um þetta segja, sem verður þó látið ósagt að sinni. Eitt viljum við þó taka fram að lokum. Það er fyrirsjáanlegt, að innan skamms verður að gera stórfelldar ráðstafanir til lækkunar á dýrtíðinni, þar sem þjóðin öll verður að færa fórnir. Það væri hættuleg byrjun að ganga þannig frá reglum um skömmtun og innflutning, að neytendurnir væru ofurseldari innflytjendum en nokkru sinni fyrr, samtímis því, að kaupgeta þeirra færi minnkandi. Hitt mundi flestum þykja sanni nær, að veita neytendum samtímis fullt frelsi til að nota kaupgetu sína sem bezt með því að gera þeim mögulegt að verzla þar, sem þeir fá beztar og ódýrastar vörur fyrir fjármuni sína. Án þess að fjölyrða meira um þetta, viljum við vekja

alveg sérstaka athygli ríkisstjórnarinnar á þessum þætti málsins, vegna þess, hve hann er stórvægilegur.“

Ég get látið þessa greinargerð Tímans og þeirra Hermanns Jónassonar og Sigtryggs Klemenzsonar nægja sem rök fyrir, að till. þessi nái tilgangi sínum. Að lokum þykir mér rétt að geta þess, að á aðalfundi Sambands ísl. samvinnufélaga í sumar beindi Eysteinn Jónsson þeirri eindregnu áskorun til allra fundarmanna að gera allt, sem þeir gætu, hver innan sins stjórnaráflokks, til þess að tryggja kaupfélögunum réttlæti í innflutningsmálum. Ég tel mér skylt vegna samvinnuhreyfingarinnar í heild og vegna þess kaupfélags, sem ég var fulltrúi fyrir á þessum fundi, að verða við þessari áskorun. Ég hefi ekki aðstæður til að leggja þessu máli lið á öðrum vettvangi en á Alþingi, og ég tel mig ekki geta gert það á annan hátt betur en heita mínum stuðningi og míns flokks við till. Framsfl., sem einnig hafa hlotið stuðning nokkurra Alþýðuflokksmanna. Þingmeirihluti virðist því vera til fyrir þessari tillögu og þar með hægt að tryggja kaupfélögunum sigur í þeirri baráttu, sem þau hafa lengi háð fyrir réttlæti í skiptingu innflutningsleyfa.